

Alþingi  
Erindi nr. P 131/597  
komudagur 13.12.2004

Bandalag íslenskra græðara  
Hjallavegi 22  
104 Reykjavík



Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis  
Alþingi  
150 Reykjavík

Reykjavík 10. desember 2004

### **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um græðara, mál nr. 246.**

Með bréfi, dags. 22. nóvember 2004, fór háttvirt heilbrigðis- og trygginganefnd þess á leit við Bandalag íslenskra græðara að veitt yrði umsögn um frumvarp til laga um græðara. Er bandalaginu ljúft og skylt að verða við þeirri ósk.

Skemmst er frá því að segja að lagasetning um störf græðara er eitt af stærstu hagsmunamálum Bandalags íslenskra græðara. Því er það að fyrirsvarsmönnum bandalagsins er það bæði ljúft og skylt að fagna almennt því löggjafarstarfi sem nú fer fram og hér er til umfjöllunar.

Sérstaklega þykir hafa vel til tekist í nefndu frumvarpi að feta einstigi jafnvægis milli opinberrar íhlutunar og varðveislu athafnafrelsis græðara. Sú nálgun að byggja á frjálsri skráningu græðara fellur vel að starfsumhverfi græðara og er að mati bandalagsins til þess fallið að styrkja grundvöll starfsgreinarinnar.

Þá verður að telja að nútímaleg og lýðræðisleg leið hafi verið valin í frumvarpinu varðandi framkvæmd hinnar frjálsu skráningar græðara. Með því að fela Bandalagi íslenskra græðara að reka skráningarkerfið og setja einungis fram grundvallarkröfur um verklag og þær hæfniskröfur sem byggja skal á hefur af framsýni verið tryggt jafnvægi milli sveigjanleika og neytendavemdar.

Í ljósi þessa þykir því mjög mikilsvert að vandað sé til allrar framkvæmdar málsins og starfseminni tryggður öruggur grundvöllur þegar frá upphafi. Þess vegna þykir ástæða til þess að benda á fáein tæknileg atriði sem bandalaginu þykir að gæta þurfi sérstaklega að við undirbúning þessa máls. Í eftirafarandi staflaðum er gerð grein fyrir því helsta sem upp hefur komið í yfirferð bandalagssins á frumvarpinu:

### **A. Fjármögnun frjálsa skráningakerfisins.**

Skv. 3. gr. frumvarpsins sem og drögum að reglugerð um frjálsa skráningu fyrir græðara er Bandalagi Íslenskra græðara falið talsvert viðamikl við hlutverk við framkvæmd frjálsrar skráningar.

Í 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins er Bandalagi Íslenskra græðara veitt heimild til þess að innheimta gjald sem standi straum af kostnaði við skráningu hvers græðara og rekstri og viðhaldi skráningakerfisins, fjárhæð þessarar gjaldtöku er háð staðfestingu ráðherra.

Nokkrar spurningar vakna varðandi fjármögnun þeirrar starfsemi sem bandalaginu er ætlað að rækja skv. frumvarpinu.

Fyrst er þar að nefna að stofnkostnaður skráningakerfis af því tagi sem hæfir starfsemi af þessu tagi kann að vera all nokkur. Gefur auga leið að kerfi það sem notast verður við þarf að vera til þess fallið að tryggja öryggi í meðförum þeirra upplýsinga sem í það er safnað auk þess sem æskilegt hlýtur að teljast að það sé einnig þannig úr garði gert tæknilega að auðvelt sé að miðla upplýsingum sem eiga að vera opinberar skv. frumvarpinu. Hönnun skráningakerfa af þessu tagi kann að vera útlátasöm sem og stofnkostnaður tölvu og skrifstofubúnaðar sem þarf til rekstrar slíkra kerfa. Þá er ókannað hvort og hverjar kröfur stofnanir eins og Persónuvernd gera til hönnunar og rekstrar kerfa af þessu tagi, kunna slíkar kröfur að auka enn á stofnkostnað. Með þetta í huga vekur furðu að hvergi í frumvarpinu eða drögum að reglugerð skuli gert ráð fyrir tekjustofnum til þess að mæta nefndum útgjöldum. Bandalag Íslenskra græðara hefur takmarkaða fjárhagslega burði til þess að taka við þeim skyldum sem frumvarpið leggur á það ef ekki fylgir fé til þess að mæta stofnkostnaði þessum.

Þá er og spurning hvað hægt er að fella undir orðalag ákvæðis 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins um að skráningargjald skuli standa straum af kostnaði við skráningu hvers græðara og rekstri og viðhaldi skráningakerfisins. Í athugasemd við ákvæðið í greinargerð með frumvarpinu er sérstaklega til þess tekið að gjald þetta skuli vera hóflegt. Þar sem um lögboðna innheimtu þjónustugjalda er að ræða sem þarfnast staðfestingar ráðherra verður að telja víst að almennar reglur stjórnsýsluréttar gildi um gjaldtöku þessa. Ekki er ætlunin hér að fara út í miklar reifanir á réttarheimildum stjórnsýsluréttar, einungis skal á það bent að hæpið verður að telja að gjaldtökuheimild þessi geti náð til allra þeirra þátta sem bandalaginu er falið að annast skv. frumvarpinu og reglugerðardrögnum. Sérstaklega má nefna í því sambandi viðamikl hlutverk við eftirlit og úrskurði vegna skráningar og starfa skráðra græðara.

## **B. Aðgreining félagsbundinna græðara og annarra græðara í skráningarkerfi.**

Leitast er við í ákvæðum frumvarpsins og reglugerðardraganna að tengja réttindi og skyldur skráðra græðara við aðild þeirra að aðildarfélögum Bandalags íslenskra græðara. Jafnframt er aðildarfélögunum sem og bandalaginu ætlað að hafa tiltekið eftirlits og agavald yfir félagsmönnum sem skráðum græðurum. Til dæmis um þetta má nefna að skv. 7. tl. 3. gr. reglugerðar draganna er það ætlunin að skilyrði þess að fagfélag geti fengið aðild að hinu frjálsa skráningarkerfi verði að samþykktir viðkomandi félags tryggi kærurétt skjólstæðinga gagnvart faglegu starfi félagsmanna.


Á sama tíma er hinu frjálsa skráningarkerfi ætlað, skv. frumvarpinu og reglugerðardrögunum, að vera opið öllum þeim sem uppfylla kröfur fagfélags um menntun án þess að krafa sé gerð um að viðkomandi sé aðili að félaginu.

Þessar tilraunir frumvarpsins til þess að bræða saman ólíka hagsmuni þeirra sem standa innan og utan aðildarfélaga bandalagsins vekja ýmsar spurningar um framkvæmd laganna ef úr verður.

Fyrst er að nefna að í mörgum tilvikum virðist sem þeir sem standa utan félaga lúti ekki samskonar agavaldi og félagsbundnir græðarar og að þar með megi álykta að skráning þeirra hafi ekki sömu merkingu gagnvart skjólstæðingum þeirra þ.e. neytendum og ella. Vandséð er hvemig félögin eða bandalagið gætu beitt sér að þessu leyti gagnvart ófélagsbundnum græðurum. Ef hinsvegar sú væri raunin að ætlunin væri að félögin eða bandalagið færu með slíkt agavald gagnvart þeim sem kjósa að standa utan þeirra fæli það í sér veruleg afskipti og fyrirhöfn af hálfu þessara aðila sem hvergi er gert ráð fyrir að greiðsla komi fyrir. Þannig snertir seinni athugasemd okkar það sem áður var rætt í staflið A. það er að ekki er gert ráð fyrir tekjustofnum til þess að standa straum af framkvæmd laganna sem lögð eru til í umræddu frumvarpi.


Í ofangreindum hugleiðingum er rétt tæpt á tæknilegum útfærsluatriðum þess fyrirkomulags sem frumvarp til laga um græðara og meðfylgjandi drög að reglugerð gera ráð fyrir að verði grundvöllur opinberrar skráningar græðara. Einkum hefur verið bent á að tryggja verður fjárhagslegan grundvöll framkvæmdar þess skráningarkerfis sem lagt er til í frumvarpinu.

Ítrekað er að almennt telst frumvarp þetta vera mikið framfaraspor fyrir starfsgrein græðara og sjá forsvarsmenn bandalagsins fyrir sér að með því að frumvarpið verði að lögum sé loks tryggður öruggur starfsgrundvöllur fyrir græðara.


Virðingarfyllst,  
  
F.h. Bandalags íslenskra græðara  
Sigrún Sól Sólmundsdóttir

**Formenn aðildarfélaga BÍG**

**Cranio félag höfuðbeina- og spjaldhryggsjafnara**

  
Ragnheiður Guðnadóttir formaður Cranio

**Cranio Sacral félag Íslands**

  
Erla Ólafsdóttir formaður CSFI

**Félag íslenskra heilsunuddara/áður Félag íslenskra nuddara**

  
Guðbrandur Einarsson formaður FÍHN


**Nálastungufélag Íslands/áður Acupunktúrfélag Íslands**

  
Ríkharður Jónafatsson formaður NÍ

**Organon fagfélag hómópata**

  
Dagný Elsa Einarsdóttir formaður Organon


**Samband svæða- og viðbragðsfræðinga á Íslandi**

  
F.h. Katrínar Jónsdóttur formann SSOVÍ ritar Eygló Benediktsdóttir

**Svæðameðferðafélag Íslands**

  
Sigrún Sól Sólmundsdóttir formaður SMFI

**Félag lithimnufræðinga**

  
Lilja Oddsdóttir formaður FL